



345. fundur Afrekssjóðs ÍSí

17. nóvember 2025 kl. 16.00

Mætt öll á Teams

Stjórn: Þórey Edda Elísdóttir formaður (ÞE), Stefán Jóhannesson (SJ), Kári Mímisson (KM), Birna Lárusdóttir (BL)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð, Kristín Birna Ólafsdóttir Afrekisstjóri ÍSí (KBÓ).

Fjarverandi: Daníel Jakobsson (DJ)

SJ yfirgaf fundinn kl. 17.20.

1. Úthlutun 2026

KSR kynnti stöðu umsókna. 33 sérsambönd hafa sótt um líkt og undanfarin ár. Í einhverjum tilfellum var kallað eftir frekari gögnum eða skýringum. Nokkur sérsambönd eiga ennþá eftir að senda frekari gögn eða skýringar. KSR fór yfir heildarskjal sem komin er mynd á hvernig úthlutun gæti litið út. Eftir er að vinna úr nokkrum þáttum og athugasemdum.

2. Úthlutun starfslauna íþróttafólks

Meðfylgjandi minnisblað verður lagt fyrir framkvæmdastjórn um úthlutun starfslauna til afrekisíþróttafólks. Á síðasta fundi var tillaga að úthlutun starfslauna lögð fram og KSR falið að vinna minnisblaðið með tillögu til framkvæmdastjórnar.

3. Úthlutun starfslauna þjálfara

Umræða fór fram um starfslaun þjálfara. AMÍ aflaði frekari upplýsinga um stöðu nokkurra þjálfara. Stefnt að klára þá úthlutun sem fyrst. AMÍ vinnur áfram og leggur fyrir stjórn sjóðsins.

4. Verkefni AMÍ

Rætt var um verkefni AMÍ. Samhliða hækkun fjárframlags og þjónustu til sérsambanda vegna afrekisstarfs þeirra er gerð aukin krafa um gæði starfsins. Því fylgir þörf um aukið samtal um afrekisstarfið og íþróttafólkið. Var stjórn sammála um að fjölga þyrfti starfsfólki hjá AMÍ.

5. Einstaklingsstyrkir

Umræða fór fram um heildarfjárhæð einstaklingsstyrkja. Við síðustu úthlutun var ákveðið að leggja aukna áherslu á stuðning til einstaklinga og fjárhæðin hækkuð í 46,3mkr. úr um 40mkr. líkt og hún hafði verið undanfarin ár. Stjórn

sjóðsins var sammála um að lækka fjárhæðina aftur í um 40mkr. eftir að úthlutun starfslauna til einstaklinga varð að veruleika og gert ráð fyrir að fyrsta úthlutun þeirra verði á staðfest á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 17.55



Minnisblað Afrekssjóðs ÍSí Föstudagur 14. nóvember 2025.

Lagt fyrir Framkvæmdastjórn ÍSí Vegna Starfslauna afreksíþróttafólks

Þann 15. október sl. staðfesti Framkvæmdastjórn ÍSí *Úthlutunarreglur vegna starfslauna afreksíþróttafólks og afrekspjálfa*.

Tilgangur reglnanna er að skilgreina skilyrði og verklag við úthlutun starfslauna, sem ætlað er að veita afreksíþróttafólki og afrekspjálfurum fjárhagslegan stuðning til að efla afreksstarf á Íslandi.

Markmið starfslauna er að gera afreksíþróttafólki og þjálfurum kleift að setja íþrótt sína í forgang og einbeita sér að afreksíþróttastarfi með það að leiðarljósi að ná framúrskarandi árangri og komast í fremstu röð á alþjóðavettvangi.

Í áætlun vegna skiptingar á viðbótarfjárstuðningi vegna afreksstarfs ÍSí var gert ráð fyrir að 120 milljónir króna fari í þennan málaflokk frá 1. júlí 2025 til 30. júní 2026.

Í minnisblaði þessu er tillaga um úthlutun vegna afreksíþróttafólks. Annað minnisblað verður lagt fram vegna afreksíþróttapjálfa.

Í byrjun ágúst 2025 fengu sérsambönd ÍSí tölvupóst með drögum að úthlutunarreglum vegna starfslauna afreksíþróttafólks og þjálfara ásamt hlekk inn á umsóknareyðublað. Sérsambönd fengu einn mánuð til þess að skila inn umsóknum og alls bárust 62 umsóknir frá 16 sérsamböndum vegna afreksíþróttafólks. Starfsfólk Afreksmiðstöðvar Íslands (AMÍ) byrjaði strax að vinna úr umsóknum en hlé var gert á vinnunni eftir að ljóst var að frekari umræður þyrftu að eiga sér stað um reglugerðina. Eftir að úthlutunarreglur voru samþykktar var lokaéintak sent á sérsambönd ÍSí og fengu þau eina viku til þess að lesa lokaútgáfu af úthlutunarreglunum og koma með spurningar eða athugasemdir. Þá hófst lokavinna við val á því íþróttafólki sem nú er lagt til að fái úthlutað starfslaunum.

Starfsfólk AMÍ vann úr umsóknunum og við val á umsóknum var m.a. horft til:

- Heims- og Evrópulista þar sem það á við.
- Árangurs á stórmótum (EM, HM eða sambærilegum mótum).
- Umgjarðar afreksíþróttamannsins og sérsambandsins. Þá var horft til hver markmið og áætlanir viðkomandi íþróttamanns eru og hvaða skref íþróttamaðurinn hefur tekið til ná markmiðum sínum.
- Hvort íþróttamaðurinn væri annarsstaðar á fullum launum eða styrkjum.

Starfsfólk AMÍ vann úr umsóknum og vann forvinnu áður en fundað var með stjórn AMÍ. Ákveðið var að skipta íþróttafólkinu í A, B og C hóp og hafa breytilegar upphæðir eftir því, þannig að A hópur fengi 600.000kr., B hópur 300.000kr. og C hópur 150.000kr. Við frekari skoðun var ákveðið að lækka aðeins starfslaun þeirra sem nú þegar eru að fá styrk frá Olympic Solidarity. Þar að auki var horft sérstaklega til þess að ná vel utan um Ólympíuhóp ÍSÍ sem er að berjast fyrir því að komast inn á Ólympíuleikana í Milano og Cortina.

Stjórn AMÍ fundaði sex sinnum með starfsfólki AMÍ um valið og lagði að endingu til hóp og upphæðir við Afrekssjóð ÍSÍ (ASJ). Stjórn ASJ fundaði tvisvar sinnum um málið og urðu smávægilegar breytingar á tillögunni í meðförum þeirra.

- Fjöldi starfslaunaþega er 32 einstaklingar og 3 pör.
- Hæstu starfslaun til einstaklings er 560.000 kr. á mánuði. Alls 6.720.000 kr. á tólf mánuðum.
- Heildarstarfslaun nema 106.950.000 kr.
- Flestum er úthlutað til 12 mánaða. Mögulegum Ólympíuförum 2026 er úthlutað fram yfir leika.

Starfslaun verða greidd út sem verktakalaun og mun starfslaunaþegum verða boðið uppá fjármálaráðgjöf samhliða.

Leggur nú stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ til að neðangreint íþróttafólk fá samþykkt starfslaun skv. eftirfarandi :

STARFSLAUN AFREKSÍPRÓTTAFÓLK 2025 -2026					
AFREKSÍPRÓTTAFÓLK	Flokkun launasjóðs	Mánaðarleg starfslaun	Fjöldi mánaða	Alls starfslaun	OS styrkur mán.lega
DSÍ					
Nicolo Barbizi og Sara Rós Jakobsdóttir	BB	600.000	12	7.200.000	
Nikita Bazev og Hanna Rún Bazev Óladóttir	BB	600.000	12	7.200.000	
FRÍ					
Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir	B	300.000	12	3.600.000	
Daníel Ingi Egilsson	B	300.000	12	3.600.000	
Sindri Hrafn Guðmundsson	B	280.000	12	3.360.000	115.000
Erna Sóley Gunnarsdóttir	B	280.000	12	3.360.000	115.000
Guðni Valur Guðnason	C	150.000	12	1.800.000	
Hilmar Örn Jónsson	C	150.000	12	1.800.000	
FSÍ					
Thelma Aðalsteinsdóttir	B	280.000	12	3.360.000	115.000
Hildur Maja Guðmundsdóttir	B	300.000	12	3.600.000	
Valgarð Reinhardsson	B	300.000	12	3.600.000	
Dagur Kári Ólafsson	B	300.000	12	3.600.000	
GSÍ					
Haraldur Franklín Magnús	B	300.000	12	3.600.000	
Guðrún Brá Björgvinsdóttir	B	300.000	12	3.600.000	
JSÍ					
Aðalsteinn Björnsson	C	150.000	12	1.800.000	
KLÍ					
Arnar Davíð Jónsson	C	150.000	12	1.800.000	
KRAFT					
Sóley Margrét Jónsdóttir	B	300.000	12	3.600.000	
LSÍ					
Eygló Fanndal Sturludóttir	A	560.000	12	6.720.000	172.000
ÍSS					
Júlía Sýlvía Gunnarsdóttir & Manuel Piazza	CC	300.000	12	3.600.000	
SKÍ					
Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir	C	140.000	9	1.260.000	160.000
Jón Erik Sigurðsson	C	150.000	9	1.350.000	
Bjarni Þór Hauksson	C	140.000	9	1.260.000	160.000
Matthías Kristinsson	C	140.000	9	1.260.000	160.000
Dagur Benediktsson	C	140.000	9	1.260.000	160.000
Kristrún Guðnadóttir	C	140.000	9	1.260.000	160.000
Anna Kamilla Hlynisdóttir	C	150.000	9	1.350.000	
Gauti Guðmundsson	C	150.000	9	1.350.000	
STÍ					
Hákon Þór Svavarsson	B	300.000	12	3.600.000	
SKY					
Andri Nikolaysson Mateev	B	280.000	12	3.360.000	115.000
SSÍ					
Snorri Dagur Einarsson	B	280.000	12	3.360.000	115.000
Birnir Freyr Hálfðánarson	C	150.000	12	1.800.000	
Snæfríður Sól Jörunnardóttir	A	560.000	12	6.720.000	172.000
Jóhanna Elín Guðmundsdóttir	C	150.000	12	1.800.000	
TKÍ					
Leo Anthony Speight	B	280.000	12	3.360.000	115.000
ÞRÍ					
Guðlaug Edda Hannesdóttir	C	150.000	12	1.800.000	
		9.190.000		106.950.000	